Vefsjá – nánari leiðbeiningar

Ný vefsjá Minjastofnunar Íslands, unnin í samstarfi við Landmælingar Íslands, er aðgengileg á slóðinni <u>https://minjastofnun.gis.is/mapview/?application=minjastofnun</u>.



Tól / tækjastikur

Í tækjastiku í vinstra horni hægt að nota + hnappinn til að þysja inn á korti (*e. zoom in*), - hnappinn til að þysja út á korti (*e. zoom* out) og E hnappinn til að fara aftur í upphafsumfang kortsins (*e. fit to extent*).

Í tækjastiku í hægra efra horni er hægt að nota leitarmöguleikann til að leita í örnefnagrunni Landmælinga Íslands. Undir Grunnkort eru sýndar þær þekjur sem í boði eru til að birtast undir gögnunum. Á meðal þekja sem hægt er að velja úr eru loftmyndagrunnur frá Loftmyndum ehf., Atlaskort og herforingjaráðskort Dana. Undir Gögn er hakað við þær gagnaþekjur sem birtast skulu á vefsjánni hverju sinni. Auk gagna um aldursfriðuð og friðlýst hús og mannvirki, skráðar fornleifar og mörk fornleifaskráningarsvæða, sem skráð eru í gagnagrunn Minjastofnunar og voru í fyrri vefsjá, má nú einnig finna sveitarfélagamörk frá hinum ýmsu tímum, örnefni sem og sögulegar ljósmyndir og kort Dana. Þegar þrípunktatáknið er valið birtast fleiri möguleikar. Með því að velja keðjutáknið birtist slóð sem vísar á það umfang korts (*e. map extent*) sem sýnilegt er í vefsjánni þegar möguleikinn er valinn. Einnig er hægt að skipta yfir í enska útgáfu af vefsjánni og að lokum hlaða niður pdf skjali sem sýnir það umfang kortsins sem sýnilegt er í vefsjánni.

Í tækjastiku í neðra hægra horni gefur staðsetningarhnappurinn upp landfræðilega staðsetningu bendilsins þegar ýtt er með honum á kortið í vefsjánni. Upplýsingahnappur veitir upplýsingar um höfundarétt loftmynda sem og fyrirvara um gögn er varðar fornleifar, hús og mannvirki sem sýnd eru í vefsjánni.

Fyrir miðjum skjá, lengst til hægri er ör og þegar hún er valin virkjast skipting á skjánum. Í tækjastiku uppi til hægri er nú möguleiki á að haka við þau gögn sem eiga að vera sýnileg vinstra megin á skjá og hægra megin. Með því að draga stikuna á miðjum skjánum fram og til baka sést nú auðveldlega hvað hefur breyst á milli.

Gögn

Gagnalagið *Hús og mannvirki* inniheldur upplýsingar og staðsetningu fyrir þau aldursfriðuðu og friðlýstu hús og mannvirki sem skráð eru í húsagrunn Minjastofnunar.

Yfirflokkurinn Fornleifar inniheldur þrjú gagnalög; fornleifarannsóknir, fornleifaskráning, verkefni og loks fornleifaskráning, uppmælingar. Fornleifarannsóknir inniheldur upplýsingar og staðsetningu á leyfisskyldum fornleifarannsóknum sem fram hafa farið á Íslandi á árunum 2013 til 2019. Fornleifaskráning, verkefni sýnir þau svæði sem tekin hafa verið út vegna lögbundinnar fornleifaskráningar. Að lokum er svo að finna uppmælingar á fornleifum, á punkta-, línu- og flákaformi, í gagnalaginu fornleifaskráning, uppmælingar.

Í yfirflokknum *Sveitarfélög* er að finna landupplýsingar frá Landmælingum Íslands sem sýna mörk sveitarfélaga á mismunandi tímum sem og heimildir sveitarfélagamarka.

Undir Annað er að finna sögulegar ljósmyndir og kort Dana.

Undir Örnefni er upplýsingar um skráð örnefni í örnefnagrunni Landmælinga Íslands.

Ýta þarf á örina sem er fyrir aftan yfirflokkana til að sjá lista yfir þau gagnalög sem eru í hverjum yfirflokk fyrir sig. Haka þarf í gagnalag til að það verði sýnilegt á kortinu. Þegar hakað er við heitið á yfirflokki birtast öll þau gagnalög sem kveikt er á í viðkomandi yfirflokki.

Þegar *i* hnappurinn fyrir aftan hvert gagnaleg er valinn, opnast í nýjum glugga frekari upplýsingar í lýsigagnagátt fyrir hvert gagnalag. Lýsigögn fyrir öll gagnasett Minjastofnunar má annars nálgast á slóðinni <u>https://gatt.lmi.is/geonetwork/srv/eng/catalog.search#/search?any=Minjastofnun</u>.

Í boði er að hlaða niður nokkrum gagnaþekjum af vefsjánni. Þar sem sá möguleiki er í boði má sjá litla niðurhalsör sem vísar niður fyrir aftan heitið á gagnaþekjunni.

Minjastofnun minnir á að Minjavefsjáin er ekki tæmandi yfirlit yfir fornleifar, hús og mannvirki á Íslandi, sem njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Notkun landfræðilegra gagna Minjastofnunar í QGIS hugbúnaði í gegnum WMS/WFS þjónustu

Í samstarfi við Landmælingar Íslands, býður Minjastofnun upp á annars vegar WMS þjónustu (skoðunarþjónustu) og hins vegar WFS þjónustu (niðurhalsþjónustu) fyrir landfræðileg gögn stofnunarinnar.

Á vef Landmælinga Íslands má nálgast leiðbeiningar um það hvernig hægt er að tengjast við þjónusturnar í gegnum viðeigandi GIS hugbúnað. Leiðbeiningarnar má finna á slóðinni <u>https://leidbeiningar.lmi.is/opin-gogn-lmi/</u>.

Beinar slóðir á gögn Minjastofnunar til að nota í GIS hugbúnaði eru <u>https://gis.is/geoserver/Minjastofnun/wms</u> og

https://gis.is/geoserver/Minjastofnun/wfs.